

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um ókrafid skattgjald.* — Eptir að Stefán sýslumaður Thorarensen hafði 13. júlí 1871 fengið til láns hjá Þorvaldi jarðeiganda Sigfússyni í Úlfsdölum 300 kr., og um nokkur ár greitt reglulega áskilda vexti af láninu með 12 kr. árlega, krafðist Þorvaldur skuldar þeirrar 8. desember f. á.; en nokkru síðar afhenti hreppstjórinn honum reikning frá sýslumanni, dagsettan 31. desember s. á., fyrir árlegum skatti, er sýslumaðurinn nú gjörir tilkall til fyrir árin 1864—78 og telur með vöxtum og vaxtavöxtum 240 kr 36 a., og sem hann segist hafa tekið undir sjálfum sjer af tjeðri skuldarupphæð. Eptir að Þorvaldur hafði borið sig upp undan þessu við yður og einkum skýrt frá því, að skattkrafa sýslumannsins myndi byggð á tíundarlistum hreppstjórans nje manntalsbókum sýslunnar, ljetuð þjer 19. marz þ. á. það álit í ljósi við hann, að honum bæri að borga sýslumanni árlegan skatt, en að málið að öðru leyti sætti úrlausn dómstólanna, og hefir Þorvaldur nú sent hingað nýja fyrirspurn um:

- 1, hvort sjer beri að greiða sýslumanni skatt;
- 2, hvort sjer beri að greiða vexti og vaxtavexti af slíku gjaldi.

Hvað hina síðarnefndu spurningu snertir, hafid þjer, herra amtmaður, þegar tekið fram, að það sje hvorttveggja, að engin lagaheimild sje fyrir slíkri vaxtakröfu, enda hefði sýslumanni staðið í sjálfvaldi að taka skattgjaldið lögtaki, undir eins og komið væri fram yfir gjalddaga þess, og er jeg yður, herra amtmaður, alveg samdóma um þetta.

Að því er snertir sjálfan skattinn, þá verð jeg einnig að vera yður, herra amtmaður, samdóma um, að hlutadeigandi gjaldþegn geti ekki skorazt undan að greiða þetta gjald, ef tíundarlistar og manntalsbækur fyrir undanfarin ár sýna, að hann hafi þá verið löglega settur í skatt, og hefir dráttur sá, sem orðið hefir á innheimtingunni, varla getað haft aðra verkun en að svipta gjaldið lögtaksrjetti þeim, er því fylgdi. Ef aptur á móti gjaldið ekki hefir verið reiknað og tilfært viðkomandi manntalsbók á rjettum tíma, virðist mjer vafasamt, hvort sýslumaður nú geti gjört tilkall til þess, en jeg finn því síður ástæðu til að fara ítarlega út í þessa spurningu, sem gjaldskylda hlutadeigandi gjaldþegns eða nú dánarbús hans sætir fullnaðar úrlausn dómstólanna.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum.

— *Brjef landshöfðingja til sýslunefndarinnar í Borgarfjarðarsýslu um barnaskólann á Leirá.* — Samkvæmt ályktun sýslunefndarinnar á fundi 20. þ. m. um «að styrkja af alefli að því, að barnaskólinn á Leirá geti framvegis viðhaldizt eptir tilætlun gefandans» hefi jeg með því skilyrði, að sýslunefndin sjái um, að nægileg trygging fáist fyrir, að barnaskóli þessi haldist við, í dag ávísað nefndinni eða fyrir hennar hönd Kristjáni sýslunefndarmanni Símonarsyni þeim 400 kr. til að fullgjöra hús tjeðs skóla, er veittar hafa verið í 7. grein fjárukalaganna 10. oktbr. þ. á. fyrir árin 1878 og 1879.

Jeg vil nú þjónustusamlega skora á sýslunefndina að hlutast eptir samráði við gefandann til um, að skóli þessi komist sem fyrst á, og senda mjer á sínum tíma skýrslu um, hvernig hinu ávísaða fje hafi verið varið, og eptirrit eptir gjafabrjefi því fyrir barnaskólahúsinu og lóð þeirri, er því fylgir, er jeg gjöri ráð fyrir, að sýslunefndin sjái um, að hlutadeigandi gefi út, og þinglesið verði ásamt eptirriti eptir skuldbindingu Leirá og Mela hrepps, til að halda barnaskólanum við.